



24. apríl 2024

Samantekt um umsagnir

Efni

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (barnabætur, sérstakur vaxtastuðningur).
Þingskjal 1363 – 918. mál á 154. löggjafarþingi 2023–2024.

Fjöldi umsagna

7.

Umsagnaraðilar

Alþýðusamband Íslands, Landssamtök lífeyrissjóða, Lúðvík Júlíusson, Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu, Skatturinn og ÖBÍ réttindasamtök.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Eftirfarandi eru svör fjármála- og efnahagsráðuneytisins við þeim umsögnum sem tilefni þykir til að bregðast við.

1. Umsögn Alþýðusambands Íslands

Í umsögn Alþýðusambands Íslands kemur fram að aðgerðir stjórnvalda í kjölfar undirritunar kjarasamninga á almenna vinnumarkaðinum hafi stutt við gerð samningana, sem stuðli að fyrirsjáanleika og samræmist verðstöðugleika á næstu árum. Breytingar á barnabótum og sérstakur vaxtastuðningur séu hluti af þeim aðgerðum. Alþýðusambandið styður aðgerðirnar og hvetur til þess að málið nái fram að ganga.

2. Umsagnir Landssamtaka lífeyrissjóða og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Helstu ábendingar Landssamtaka lífeyrissjóða snúa að því að samkvæmt frumvarpinu sé lagt upp með að Fjársýslan greiði sérstakar vaxtabætur til lánveitanda og beri honum að ráðstafa þeim inn á afborganir viðkomandi láns, óski lántaki þess. Um sé að ræða afar flókið ferli við greiðslu umræddra vaxtabóta sem einnig kæmi til með að hafa í för með sér umtalsverðan kostnað og villuhættu ef af yrði. Ætla megi að mun einfaldara væri í framkvæmd að greiða sérstakar vaxtabætur milliliðalaust, þ.e. beint til lántaka eins og almennt sé gert við greiðslu almennra vaxtabóta. Standi ekki vilji til þess að greiða sérstakar vaxtabætur beint til lántaka þá væri mun einfaldara í allri framkvæmd og villuhætta verulega minni ef greitt væri beint inn á höfuðstól lána. Verði það framkvæmdin að greiða beri inn á afborganir mánaðarlega sé mikilvægt að greiðslur frá Fjársýslunni nemi að hámarki afborgun viðkomandi mánaðar þar sem ekki fari vel á því, eðli máls samkvæmt, að lánveitandi hafi fjármuni í sinni vörslu sem ekki komist rակleitt til skila til rétthafa umræddra vaxtabóta. Önnur útfærsla væri að komi til þess að greiðsla sé hærri en mánaðarleg afborgun láns þá beri að greiða það sem eftir stendur inn á höfuðstól lánsins.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu taka fram í umsögn sinni að ráðstöfun vaxtastuðnings beint inn á höfuðstól ætti að mestu að geta gengið með þeim hætti sem lýst sé í frumvarpinu. Hugsanlegar tímasetningar á ráðstöfun greiðslunnar inn á höfuðstól gætu hins vegar reynst óheppilegar. Samtökin leggja því til að frumvarpinu verði breytt þannig að ráðgert verði að lánveitendur muni ráðstafa greiðslum inn á höfuðstól á tímabilinu 5. til 20. ágúst 2024. Að mati samtakanna kalli ráðstöfun á sérstökum vaxtastuðningi til lækkunar á afborgunum lána á umfangsmiklar breytingar og tæknilegar útfærslur hjá lánveitendum, sem líklegt er að hafi í för með sér töluverðan kostnað. Ennfremur þykir ekki raunhæft að slíkar breytingar geti náð fram að ganga innan þeirra tímamarka sem fjallað sé um í frumvarpinu. Samtökin leggja því til að

frumvarpinu verði breytt þannig að ef ráðstafa eigi sérstökum vaxtastuðningi inn á lán, verði eingöngu heimilt að ráðstafa honum til innborgunar á höfuðstól.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir greiðslu sérstaks vaxtastuðnings á árinu 2024 til að mæta auknum vaxtakostnaði heimila með íbúðalán. Ráðuneytið áréttar að um er að ræða hluta af stuðningi ríkisstjórnarinnar vegna langtímakjarasamninga á vinnumarkaði í mars síðastliðnum. Eins og m.a. kemur fram í umsögn Alþýðusambands Íslands taldi verkalýðshreyfingin mikilvægt að mæta aukinni vaxtabyrði heimila við gerð kjarasamninga en lagði einnig áherslu á að draga úr þensluáhrifum aðgerða með fullri fjármögnun þeirra og rétttri hönnun úrræða. Áhersla var því lögð á að sérstakur vaxtastuðningur greiddist beint inn á höfuðstól láns nema lántakar hefðu sérstaklega óskað þess að nýta hann til lækkunar á afborgunum í tiltekinn tíma fremur en að greiðast beint út við álagningu. Þessi áhersla kemur fram í frumvarpinu. Ráðuneytið hélt fund með Skattinum, Fjársýslunni, Landssamtökum lífeyrissjóða og Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu til að stilla saman strengi og liðka fyrir framkvæmd málsins. Þá hefur ráðuneytið þegar lagt fram breytingartillögu við frumvarpið þar sem ein tillagan er þess efnis að komi til uppgreiðslu eða endurfjármögnunar láns þar sem valin hefur verið jöfn lækkun á afborgunum skuli sú fjárhæð sérstaks vaxtastuðnings sem þá stendur eftir greiðast inn á það lán sem sætir uppgreiðslu eða endurfjármögnun og ef við á til greiðslu uppgreiðslugjalds. Ráðuneytið leggst ekki gegn þeirri tillögu samtakanna að frestur lánveitenda til að ráðstafa greiðslum inn á höfuðstól verði rýmkaður. Það þarf þó að horfa til allra dagsetninga í ákvæðinu og leggur ráðuneytið því til að 6. töluliður b-liðar 1. gr. frumvarpsins hljóði þannig að teknu tilliti til áður framlagðrar breytingartillögu ráðuneytisins:

„6. Ríkisskattstjóri skal á tímabilinu 1.–31. júlí 2024 afhenda Fjársýslunni upplýsingar um ákvörðun sérstaks vaxtastuðnings og inn á hvaða lán eða afborganir skal greiða, sbr. 5. tölul., á tímabilinu. Að lokinni kærumeðferð skv. 1. mgr. 99. gr. og leiðréttingum skv. 2. mgr. 101. gr. skal ríkisskattstjóri jafnframt á tímabilinu 1.–31. desember 2024 afhenda Fjársýslunni upplýsingar skv. 1. málsl. Fjársýslan greiðir sérstakan vaxtastuðning og miðlar upplýsingum á tímabilinu 1.–15. ágústinnan fimm virkra daga frá móttöku til lánveitenda sem ráðstafa greiðslunum beint inn á lán, og ef við á til greiðslu uppgreiðslugjalds, eða afborganir á tímabilinu 16.–31. ágústinnan fimm virkra daga frá móttöku í samræmi við 5. tölul. Séu lán í vanskilum fer um greiðsluna eftir hefðbundinni greiðsluröð samkvæmt lánaskilmálum. Hafi lántakandi notið greiðslujöfnunar á grundvelli laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga skal fyrst greiða inn á skuld á jöfnunarreikningi. Ráðstafi lánveitandi ekki greiðslu inn á lán eða afborganir í samræmi við ákvæði þetta skal hann endurgreiða Fjársýslunni þá fjárhæð sem ekki var ráðstafað. Greiðsla sérstaks vaxtastuðnings telst eign ríkissjóðs þar til ráðstöfun hennar hefur farið fram.“

Dagsetningarnar verða þá þessar:

Maí/júní – álagning opinberra gjalda, sbr. 5. tölul.

1.-30. júní – lántakandi, sbr. 5. tölul.

1.-31. júlí – Skatturinn, sbr. 6. tölul.

1.-15. ágúst – Fjársýslan, sbr. 6. tölul.

16.-31. ágúst – lánveitandi, sbr. 6. tölul.

Ráðuneytið bendir á að teljist þess þörf megi skýra ákvæðið betur í reglugerð þar sem gert er ráð fyrir því að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um framkvæmd sérstaks vaxtastuðnings á grundvelli ákvæðisins. Fram kemur í umsögn Skattsins að smíðað verði kerfi í kringum ákvörðun á sérstökum vaxtastuðningi utan við sjálft álagningarkerfið. Kostnaður við það mun falla undir fjárheimildir embættisins. Ekki kemur fram í umsögnum Landssamtaka lífeyrissjóða og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu hvort fyrir liggja greining á hugsanlegum kostnaði lánveitenda við ráðstöfun stuðningsins inn á afborganir lána. Ráðuneytið leggst ekki gegn þeirri tillögu að frumvarpinu verði breytt þannig að ef ráðstafa eigi sérstökum vaxtastuðningi inn á lán, verði eingöngu heimilt að ráðstafa honum til innborgunar á höfuðstól. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun með tilliti til þess að um er að ræða hluta af stuðningi ríkisstjórnarinnar vegna langtímakjarasamninga á vinnumarkaði eins og áður hefur komið fram.

3. Umsögn Samtaka atvinnulífsins

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins kemur fram að þar sem stjórnvöld hafi ákveðið að styðja við nýgerða kjarasamninga, m.a. með þeim hætti sem frumvarpið boði, árétti samtökin mikilvægi þess að ráðist sé í forgangsroðun í ríkisútgjöldum. Ekki sé svigrúm í ríkisrekstri til útgjaldaaukningar í tilteknum málaflokkum án þess að heildstæð forgangsroðun fari fram samhliða og dregið úr útgjöldum í öðrum málaflokkum á móti.

Að mati samtakanna sé ótækt að útgjaldaaukningin leiði til aukinnar skattlagningar á atvinnulífið enda sé ekki gert ráð fyrir henni við kostnaðarmat þeirra kjarasamninga sem nú hafa verið undirritaðir. Skattheimta sé nú þegar óviða, ef nokkurs staðar, meiri en á Íslandi og brýn þörf á að draga þar úr fremur en að bæta í. Samtökin fagna umræðum um að vaxtabótakerfið verði endurskoðað og mögulega lagt niður í núverandi mynd á næstu árum. Þá vilja samtökin áréttta að kjarasamningagerð ætti að snúa að kjörum launafólks á vinnumarkaði þar sem samningsaðilar eru stéttarfélag og vinnuveitendur. Réttast væri að aðgerðir yfirvalda mótuðust af yfirlýstri stefnu þeirra í tengslum við það umboð sem þeim sé falið í lýðræðislegum kosningum. Aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum í gegnum tíðina hafi hins vegar verið töluverð í formi margvíslegra aðgerða sem hafi krafist verulegra fjárlátla af hálfu ríkissjóðs. Farsælla væri ef aðkoma þeirra einskorðaðist við umgjörð kjarasamningaumhverfisins, þ.m.t. með uppfærðri vinnulöggjöf sem stuðli að skilvirkari kjarasamningagerð en nú sé raunin. Að lokum vísa samtökin í umsögn Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu varðandi önnur atriði frumvarpsins.

Vísað er til svars við umsögnum Landssamtaka lífeyrissjóða og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu í lið 2.

4. Umsögn Skattsins

Skatturinn tekur fram í umsögn sinni að fyrir liggi að greindar breytingar séu liður í stuðningi ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við gerð langtímakjarasamninga á vinnumarkaði. Hækkun á barnabótum og ákvörðun á sérstökum vaxtastuðningi samkvæmt frumvarpinu sé einskíptisaðgerð við álagningu á einstaklinga á árinu 2024. Sú álagning fari fram um mánaðamótin maí/júní 2024 og vinnu við hana af hálfu starfsmanna Skattsins ljúki út af fyrir sig um 10. maí n.k. þegar niðurstöður eru afhentar Fjársýslu ríkisins. Það sé því ekki langur tími til stefnu og afar mikilvægt að afgreiðsla málsins dragist ekki úr hömlu. Vert sé að geta þess að ákvörðun hafi verið tekin um það, verði frumvarpið að lögum, að smíða kerfi í kringum ákvörðun á sérstökum vaxtastuðningi utan við sjálft álagningarkerfið. Það verði til þess að unnt eigi að vera að ákvarða sérstaka vaxtastuðninginn samhliða álagningunni í vor verði frumvarpið að lögum sem fyrst.

5. Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka

Í umsögn ÖBÍ kemur fram að samkvæmt frumvarpinu hækki barnabætur um 6% bæði fyrir hvert barn og barn einstæðs foreldris. Skerðingahlutfall barnabóta sé hækkað um 12%, bæði fyrir einstaklinga og hjón. Að mati ÖBÍ þurfi að veita einstæðu foreldri aukinn stuðning hvað þetta atriði varðar og hækka skerðingahlutfall þess aukalega um 50%, miðað við skerðingu tekna hjá einstaklingi. Skerðingahlutfall barnabóta hjá einstæðu foreldri yrði því 8.250.000 kr. Þá gera samtökin athugasemd við þann kafla frumvarpsins, að tekjutengdar barnabætur með hverju barni yngra en sjö ára hækki ekki. Nær væri að þær hækki a.m.k. um 6% eins og aðrar barnabætur. Athyglisvert sé að skerðingahlutfall tekna varðandi tekjutengdar barnabætur hækka, en ekki sjálf fjárhæð barnabótanna. Hvað sérstakan vaxtastuðning varðar leggur ÖBÍ til að sérútbúnaðar bifreiðar fatlaðs fólks bætist við sem 6. tölul. upptalningu á eignum í 74. gr. laga um tekjuskatt sem teljast ekki til framtalsskyldra eigna.

Ráðuneytið ítrekar það sem fram kemur í frumvarpinu að um tímabundnar einskíptis aðgerðir til eins árs er að ræða í tengslum við stuðning ríkisstjórnarinnar vegna langtímakjarasamninga á vinnumarkaði í mars 2024. Á árinu 2022 var stigið mikilvægt skref til umbóta með aðgerðum til að styðja við markmið kjarasamninga á almennum vinnumarkaði um að verja kaupmátt og líf skjör launafólks og skapa forsendur fyrir stöðugleika í efnahagsmálum, lækkun verðbólgu og vaxta. Stjórnvöld gerðu m.a. breytingar á vaxta- og barnabótakerfinu í tveimur áföngum, sem tóku gildi á árunum 2023 og 2024, sem markvisst miðuðu að því að styðja við líf skjör lág- og millitekjufólks. Með breytingunum varð stuðningur til barnafjölskyldna betri og skilvirkari, fjölskyldum sem njóta stuðnings fjölgaði, dregið var úr skerðingum, jaðarskattar af völdum barnabóta lækkaðir og skilvirkni barnabóta aukinn. Auk þess sem grunnfjárhæðir barnabóta voru hækkaðar og skerðingar lækkaðar var barnabótakerfið einfaldað töluvert. Þetta leiddi til aukins gagnsæis barnabótakerfisins. Í frumvarpinu eru ívilnandi og afturvirk lagðar til breytingar á þeim ákvæðum sem tóku gildi í ársbyrjun 2024 en kerfið heldur sér óbreytt að öðru leyti. Telja verður að tillögur ÖBÍ gangi gegn þeim markmiðum stjórnvalda að einfalda barnabótakerfið. Þá ber að geta þess að með frumvarpinu verða árleg framlög til stuðnings við barnafjölskyldur í gegnum barnabótakerfið aukin um 3 milljarða kr. á árinu 2024, til viðbótar við fyrri áform, og um 2 milljarða kr. til viðbótar á árinu 2025 og munu þau þá nema um 19 milljörðum kr. á árinu 2024 og um 21 milljarði kr. á árinu 2025. Breytingar á barnabótakerfinu vegna ársins 2025 verða lagðar fram og kynntar á Alþingi haustið 2024 á 155. löggjafarþingi 2024–2025. Endurskoðun vaxtabótakerfisins hefur verið til umræðu og möguleg niðurfelling þess í núverandi mynd á næstu árum. Sá

sérstaki vaxtastuðningur sem lagður er til í frumvarpinu er einskiptis aðgerð sem að mati ráðuneytisins gefur ekki tilefni til breytinga á ákvæði B-liðar 68. gr. tekjuskattslaga um vaxtabætur.

Ekki þykir tilefni til að bregðast sérstaklega við öðrum umsögnum um frumvarpið.